



Til allra sveitarfélaga

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 24. júní 2016  
Tilv.: IRR15060048/5.3

Í 10. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um samráð sveitarstjórna við íbúa. Er þar meðal annars kveðið á um að sveitarstjórn geti ákveðið að halda sérstakar íbúakosningar um einstök málefni sveitarfélagsins, sbr. 107. gr. og 2. mgr. 108. gr. laganna. Slík atkvæðagreiðsla er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn nema hún ákveði að niðurstaðan bindi hendur hennar til loka kjörtímabilsins.

Samkvæmt sérstöku bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlögin getur sveitarstjórn óskað eftir því við ráðherra að íbúakosning á grundvelli 10. kafla laganna fari eingöngu fram með rafrænum hætti. Er tilgangur ákvæðisins að styðja við framkvæmd rafræns lýðræðis í sveitarfélögum en einnig að prófa og innleiða rafræna kjörskrá og nýja tækni við íbúakosningar þar sem eðlilegar kröfur um leynd við kosningar, réttindi kjósenda og örugga framkvæmd eru uppfylltar. Gildir bráðabirgðaákvæðið til 31. maí 2018.

Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar hefur nú staðið yfir undanfarin ár á grundvelli framangreindra heimilda. Tvennar íbúakosningar hafa þegar farið fram með rafrænum hætti, báðar á árinu 2015, annars vegar í Sveitarfélaginu Ölfusi og hins vegar í Reykjanesbæ. Við báðar var notað rafrænt kosningakerfi sem þróað hefur verið af spænska fyrirtækinu ScytI, en Þjóðskrá Íslands hefur samið við fyrirtækið um aðlögun og afnot kerfisins við þetta tilraunaverkefni.

Ráðuneytið vill með bréfi þessu vekja athygli sveitarfélaga á tilraunaverkefninu. Sveitarfélög sem hyggjast halda íbúakosningar eru hvött til að kynna sér verkefnið og gefa sig fram við Þjóðskrá Íslands, hafi þau áhuga á þátttöku. Það skal tekið fram að sveitarfélög sem valin eru til þátttöku í tilraunaverkefninu munu ekki bera þann kostnað sem hlýst af rafrænni framkvæmd íbúakosningar.

Nánari upplýsingar veita Bragi Leifur Hauksson, verkefnisstjóri hjá Þjóðskrá Íslands, [blh@skra.is](mailto:blh@skra.is), og Áslaug Friðriksdóttir, formaður ráðgjafarnefndar um rafrænar íbúakosningar, [aslaug.maria.fridriksdottir@reykjavik.is](mailto:aslaug.maria.fridriksdottir@reykjavik.is).

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Ólafur Kr. Hjörleifsson

Ljósrit: Þjóðskrá Íslands  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Ráðgjafarnefnd um rafrænar íbúakosningar